

6. Háskólafundur

haldinn þann 17. nóv. 2011 í stofu M-102 í Miðborg kl. 14:15 - 16.

Dagskrá:

1. Stefnumótun Háskólans á Akureyri fyrir 2012 - 2017, staða mála

2. Önnur mál

---0

Viðstaddir:

Astrid Margrét Magnúsdóttir (AMM) - forstöðumaður upplýsingasviðs
Árún K. Sigurðardóttir (ÁKS) - forseti heilbrigðisvísindasviðs
Birna María Svanbjörnsdóttir - meðlimur í háskólaráði (áheyrnarfulltrúi)
Bragi Guðmundsson (BG) - fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Dagmar Ýr Stefánsdóttir (DÝS) - forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs
Elín Birna Vigfúsdóttir - varafulltrúi Félags stúdentanna við HA (FSHA)
Grétar Þór Eypórsson (GÞE) - fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við HA
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir - forstöðum. Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar HA (RHA)
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir - fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Hafdís Skúladóttir - fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Hafrún Dögg Hilmarsdóttir - fulltrúi Félags stúdentanna við HA
Hermann Óskarsson (HÓ) - fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Hreiðar Þór Valtýsson (HÞV) - fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Ingvar Teitsson - fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Ingveldur Tryggvadóttir (IT) - fulltrúi starfsfólks við stjórnarsýslu
Jón Haukur Ingimundarson - fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir - fulltrúi Félags stúdentanna við HA
Kristín Guðmundsdóttir - fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Kristín Þórarinsdóttir - fulltrúi Félags háskólakennara við HA (FHA)
Leifur Guðni Grétarsson - varafulltrúi Félags stúdentanna við HA
Margrét Hrönn Svavarsdóttir - fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Rannveig Björnsdóttir (RB) - fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Rúnar Gunnarsson (RG) - fulltrúi starfsfólks við stjórnarsýslu
Sigfríður Inga Karlsdóttir - fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Sigrún Sveinbjörnsdóttir - fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Sigurður Kristinsson (SK) - forseti hug- og félagsvísindasviðs
Stefán B. Sigurðsson - rektor HA
Steingrímur Jónsson - fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Steinunn Aðalbjarnardóttir (SA) - forstöðumaður kennslusviðs

Þorbjörg Ólafsdóttir (ÞÓ) - fulltrúi Félags stúdentanna við HA
Arnheiður Eyþórsdóttir - fundarritari

1. Rektor setti fund og hóf umræðu samkvæmt dagskrá.
2. Stefnumótun 2012-2017. Helstu atriði sem komu fram í máli rektors og umræðum voru:

Stýrihópur - skipaður framkvæmdastjórn - vinnur að því að móta nýja stefnu HA, en núgildandi stefna rennur út á yfirstandandi ári. Drög að stefnu eiga að liggja fyrir í byrjun janúar og ný stefna sem gildir til 2017 verður lögð fyrir fyrir háskólaráð í febrúar 2012. Vinnuhópar starfsmanna og nemenda hafa unnið að einstökum þáttum stefnumótunarinnar og sviðin þrjú eiga að skila inn tillögum að áherslum í stefnunni. Heilbrigðisvísindasvið og hug- og félagsvísindasvið hafa skilað slíkum tillögum. Rektor lagði áherslu á að sem flestir kæmu að tillögunum og sæju þetta sem sína stefnu. Bjarni Jónasson er ráðgjafi í stefnumótuninni og gæðastjóri vinnur einnig með stýrihópnum. Vinnan hefur m.a. falist í að rýna lykiltölur, kannanir og úttektir sem fyrir liggja vegna undangenginna ára, sem og stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis í málefnum opinberra háskóla.

Sýnd voru gögn um þróun lykiltalna innan skólans og liggja þau gögn fyrir og vísast til þeirra. Fram kom að hlutfall ársnemenda (nemendur sem skila > 60 einingum) af heildarnemenda-fjölda er hærra hjá HA en HÍ, fjar- og lotunám hefur aukist sem og framhaldsnám. Framhaldsnám er mest vegna kennaranáms og meistaranáms í lagadeild, en þó ber þess að gæta að mikill fjöldi hefur stundað kennsluréttindanám að undanfögnu og mun það ekki verða viðvarandi. Um 75% brautskráðra HA nemenda eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Rektor benti á mikilvægi þess að eiga og sýna þessi gögn, hann hefði rekið sig á að margar „þjóðsögur“ væru í gangi um HA og þyrfti að kveða þær niður.

Kennarar við HA hafa í auknum mæli lokið doktorsgráðu. Rektor taldi mjög slæmt að skólinn hefði að undanfögnu ekki haft burði til að styðja sína kennara í að bæta við menntun sína. Vilji HA er að hafa hlutfall doktora sem hæst og búast má við að lög verði sett um að háskólakennarar skuli hafa lokið doktorsprófi. Verði af því, má búast við að undanþágur verði gefnar í ákveðinn aðlögunartíma, en HA mun ekki sækja slíkar undanþágur fast.

Frá árinu 2008 hafa fjárveitingar til HA lækkað úr 1600 millj.kr. í 12-1300 millj. kr. Rektor sagði að á móti niðurskurðinum kæmi aukið hugsjónastarf kennara sem ekki gæti gengið til langs tíma. Árún benti á launalækkun, afnám rannsóknamissara og þak á yfirvinnu og rektor sagði það samræmast sinni skilgreiningu á hugsjónastarfi. Hermann spurði um hlut prófessora í hugsjónastarfinu og rektor sagði þeirra rök vera að hlutur prófessora væri hærri í rannsóknamissarum og þannig tækju þeir sinn hlut í skerðingunni. Rektor sagðist ekki sammála þessum rökum og teldi slæmt að prófessorar hefðu ekki tekið þátt í launalækkuninni sem annað starfsfólk tók á sig. Þrátt fyrir þetta fer birtingum frá HA fjölgandi og tilvitnunum í HA greinar einnig. Fyrir 2011 uppfyllir skólinn að þessu leyti skilyrði sem sett voru í samningi við menntamálaráðuneyti, en sá samningur varð óvirkur við efnahagshrunið. Mikilvægt er að halda þessu í horfinu og Ríkisendurskoðun er um þessar mundir að fara yfir

fjárveitingar til háskóla vegna rannsókna, en þar er stærsti hlutinn starfshlutfall akademískra starfsmanna.

Rektor ræddi um starfsumhverfi starfsfólks í tengslum við könnun sem fór fram fyrr á árinu og var svörun mjög góð eða 72%. Á heildina litið kemur fram almenn ánægja og jákvætt viðhorf meðal starfsmanna í könnuninni, en vilji stjórnenda er að bregðast við gagnrýni sem fram kemur en jafnframt að gera enn betur þar sem viðhorf er jákvæðara. Í undirbúningi eru námskeið fyrir stjórnendur til að auka stjórnunar- og skipulagsfærni og vægi starfsmannasamtala verður aukið og þau notuð sem virkt stjórnæki. Boðleiðir þarf að skýra betur og virða þær. Nokkur önnur atriði voru nefnd, svo sem efling almennrar samskiptahæfni, meiri fræðsla og fram kom að svokölluð örnámskeið vekja ánægju, þó þau séu ekki alltaf vel sótt.

Rannsóknamisseri kennara verða tekin upp aftur, en í breyttu formi. Veitt verður leyfi frá kennslu í eitt misseri í senn en greiðsla ferðakostnaðar verður athuguð sérstaklega. Astrid spurði um starfsleyfi annarra starfsmanna og sagði rektor það verða skoðað, en munurinn væri sá að kennarinn væri ekki í leyfi frá störfum heldur með breyttar áherslur í starfi meðan á rannsóknamisseri stendur.

Varðandi vinnumatssjóð eru aðilar sammála um að FHA eigi að sjá um úthlutun úr honum, en þannig er það gert við HÍ. Rannveig spurði um framhald þess máls og upplýsti rektor að FHA hefði verið beðið um tillögur að reglum og RHA er nú að útbúa drög til að senda aftur til félagsins. Fram kom að í reglum við HÍ er miðað við lágmark 50% starf við stofnunina til að eiga rétt í sjóðnum, en við HA hefur þetta hlutfall verið 20%.

Breyta þarf reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með tilliti til reynslu af reglunum og breytinga sem orðið hafa á öðrum reglum og lögum sem varða HA og aðra opinbera háskóla.

Tölur um kostnað á ársnema (af heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis) sýna að meðalnemi við HA kostar ívið minna en nemi við HÍ. Rektor tók fram að HÍ væri með mjög dýrt nám í læknadeild, þ.e. lækna- og tannlæknánám, en á móti kæmi að hlutfall þeirra nemenda væri ekki hátt af heildinni. Þess ber að gæta að í þessum tölum er kostnaður reiknaður sem fjárveiting deilt með fjölda ársnema. Einnig kom fram að grunnskólanemi á Íslandi kostar ríkissjóð meira en háskólanemi. Grétar benti á að eðlilegt væri að halda því á lofti að nám við HA væri ódýrast af ríkisháskólum og Árún nefndi að innheimta skólagjalda í einkareknu háskólunum skipti máli þar sem þau væru að stórum hluta fjármögnuð úr ríkissjóði. Hreiðar benti á að slagsíða á þessum tölum gæti verið vegna mismunandi áherslna milli skólanna, þ.e. að raun- og náttúruvísindi væru dýrt nám og ekki samanburðarhæft við viðskiptánám. Rektor ræddi um brottfall og að nauðsynlegt væri að minnka það en jafnframt að skilgreina það betur og gera brottfallstölur samanburðarhæfar, t.d. er ekki rétt að skilgreina skipti á námsleiðum innan sömu stofnunar sem brottfall. Árún benti á að áhrif *numerus clausus* vega þyngra í HA en annars staðar og að einnig skipti máli að lengd grunnnáms er ekki hin sama á öllum námsbrautum, sem skekkir samanburðinn. Hreiðar taldi mun vera á brottfalli staðar- og fjarnema, en Steinunn upplýsti að þær tölur sveifluðust nokkuð milli ára.

Rektor ræddi síðan um samstarfsnet opinberra háskóla, forsendur þess og áhersluatriði. Netið á að vera komið í gang árið 2012 og til þeirrar vinnu er veitt 300 milljónum króna á tveggja ára tímabili. Hann tók fram að sameiningar háskóla væru ekki útilokaðar þrátt fyrir að nefnt væri að „allir fjórir háskólarnir starfi áfram í eigin nafni“. Unnið er að sameiginlegu upplýsingakerfi og hefur það dregist nokkuð miðað við áætlun. Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók ákvörðun um að sameiginlega kerfið skyldi byggt á Uglu, þ.e. þeim hugbúnaði sem Uglu er smíðuð í. Microsoft Access, sem er grunnhugbúnaður Stefaníu er ekki talinn heppilegur af ýmsum ástæðum, m.a. vegur þungt að öryggi hans þykir ekki nægt og hætta á innbrotum í kerfið allt of mikil. Stefanía hefur hins vegar ýmsa kosti sem HA vill ekki missa og er nauðsynlegt að halda því vel á lofti þannig að endanlegt kerfi verði sniðið eins vel að þörfum okkar skóla og auðið er. Ljóst er þó að HA muni fá hag af þessu á ýmsum sviðum en síður á öðrum. Bragi spurði hvort hlutlaus úttekt hefði verið gerð á kerfunum áður en ákvörðun var tekin og svaraði rektor því neitandi, en ákvörðunin hefði verið ráðuneytisins. Bragi gagnrýndi þetta fyrirkomulag og benti á að verkið og þróunin væri á forræði HÍ, sem þýddi töpuð störf frá HA. Rúnar spurði um ástæður þess að verið væri að þróa 4 útgáfur af Uglu þ.e. eina fyrir hvern skóla, í stað þess að hafa eina gátt fyrir alla. Rektor sagði rétt að ein útgáfa væri fyrir hvern háskóla, þ.e. að ákveðið hefði verið að aðskilja gögn hvers þeirra, en hins vegar á að verða hægt að opna á milli fyrir nemendur sem stunda nám við fleiri en einn af skólunum. Dagmar sagði upplýsingaflæði til starfsmanna varðandi þessar kerfisbreytingar vera ábótavant og því yrðu til ýmsar þjóðsögur og fáir vissu hverjar þeirra ættu við rök að styðjast. Hún taldi mikilvægt að bæta úr þessu þar sem annars skapaðist hætta á að starfsmenn HA færu í raun að vinna gegn eigin skóla. Rektor greindi frá því að Stefán Jóhannsson væri fulltrúi HA í samstarfshóp um upplýsingakerfið og auk þess væru nokkrir starfsmenn í kynningu á kerfinu. Fulltrúi Reiknistofnunar er væntanlegur norður til að kynna kerfið og svara fyrirspurnum. Þorbjörg benti á að nauðsynlegt væri að kynna breytingarnar líka fyrir nemendum þar sem hluti þeirra mun upplifa þessar breytingar á sínum skólaferli. Hún ræddi einnig um upptöku Moodle í HA, það væru skiptar skoðanir á því hversu vel sú breyting hefði gengið fyrir sig, en aðalatriðið væri þekking kennara á kerfinu þar sem notendaviðmót nemenda í hverju námskeiði byggði á kennara þess. Fram kom að HÍ mun taka upp Moodle í stað þess að nota Uglu sem kennslukerfi, sem áður var ætlunin.

Spurt var um stöðu umsóknar um leyfi til að bjóða upp á doktorsnám við HA. Rektor taldi það mál hafa dregist of mikið, en nefnd innan skólans væri nú að ganga frá þessu og formleg umsókn yrði send á árinu 2012. Ferlið hafi verið í biðstöðu vegna umræðna um sameiginlega doktorsmiðstöð, en nú væri ákveðið að láta það ekki tefja málið frekar.

Dagmar spurði um praktíska framkvæmd þess að bjóða upp á námskeið þvert á skóla og nefndi sem dæmi að HA hefði meiri reynslu og betri búnað til fjarnáms en aðrir. Sigurður tók fram að hugmyndir væru um að bjóða námspakka en ekki einungis einstök námskeið.

Í vinnslu er samningur um sameiginlega kennslumiðstöð. Bragi lýsti áhyggjum af þessu í ljósi reynslu af sameiningu menntavísindasviðs HÍ og Kennaraháskólans. Hann sagði þá múra sem áður voru fyrir hendi milli þessara stofnana hafa styrkst að mun og væru nú nánast óklefir.

Bragi spurði einnig hvort áætlað væri að skipa eina dómnefnd vegna ráðninga og framgangs í tengslum við samræmingu á akademísku mati. Hann taldi miður ef stæði til að fella niður atriði um að heimilt væri að ráða fólk með aðra reynslu en akademíska menntun. Hreiðar taldi það ganga gegn Bolognaferlinu þar sem sagt er til um að slík reynsla eigi jafnvel að vega þyngra en áður. Rektor sagði aðalatriðið að samræma ferlið til að fyrirbyggja staðhæfingar um minni hæfniskröfur í einum skóla en öðrum.

Grétar benti á að í Rannsóknaskýrslu Alþingis væri m.a. minnst á að skortur væri á tengslum skóla og atvinnulífs, en umræður hafa verið um hvort eða hvernig slík tengsl ættu að vera.

Rektor ræddi um framtíðarsýn HA og sagðist hafa pressað á svör frá yfirvöldum um framtíð HA. Svörin væru ævinlega á þá leið að engar áætlanir væru um að leggja skólann niður né að sameina hann öðrum. Hann vitnaði í orð menntamálaráðherra á nýliðnu málþingi þar sem hún talaði um sterkan háskóla á landsbyggðinni. Ákvarðanir um Landbúnaðarháskólann og Hólaskóla lægju þó ekki fyrir. Rektor nefndi einnig að reynsla Bandaríkjamanna af smáum einingum í samstarfsneti væri góð og ekki væri alltaf betra að sameina allt. Hann sagði að lokum að HA stefndi nú upp á við á leið gegnum erfitt tímabil og ítrekaði að jákvætt væri að fólk gagnrýndi inn á við en mikilvægt væri að standa saman út á við.

3. Önnur mál.

Ingveldur óskaði eftir nánari skýringum á hugtakinu yfirstjórn, skilgreining þess væri óljós og spurði hvort hún þyrfti ekki að vera betri. Hún nefndi dæmi úr gögnum fundarins um „sýnileika stjórnenda“ og „aðgerðir yfirstjórnar“ þar sem ekki væri skýrt við hverja er átt. Rektor samsinnti því að fólk liti þessa hluti mismunandi augum, en sjálfur sagðist hann líta á yfirstjórn sem rektor, framkvæmdastjóra og fræðasviðsforseta auk háskólaráðs. Að minnsta kosti ættu þessir aðilar að taka til sín gagnrýni á yfirstjórn. Hermann benti á framkvæmdamistösk í starfsmannakönnuninni þar sem þessi hugtök væru ekki skýrð og þátttakendur svöruðu því ekki endilega á sambærilegan hátt. Rektor tók undir það. Hermann sagði einnig erfitt að vera stjórnandi í návígi við félagana sína innan sviðsins og þurfa um leið að taka erfiðar ákvarðanir. Rektor sagði þar skilja á milli góðs og síðri stjórnanda - að geta tekist á við slíka hluti.

4. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og sleit rektor fundi kl. 16:15

2. desember 2011.

Arnheiður Eypórsdóttir